

16. febrúar 2024

Efni: Umsögn um drög að lagafrumvarpi um tímabundinn rekstrarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavík. Mál 675.

Undirrituð eiga og reka Gistiheimili í Grindavík sem er búið að vera loka síðan í 10. Nóv, Um er að ræða fjölskyldufyrirtæki, með tæp 3 stöðugildi. Ljóst er að ekki er rekstragrundvöllur fyrir gistingu í Grindavík næstu misseri og því lítil von um að við getum eitthvað opnað næstu árin.

Ríkisstjórnin hefur fram frumvarp um uppkaup fasteigna einstaklinga. Fyrirtækið okkar á fasteign sem er brunatryggð samkvæmt lögum 55/1992 um Náttúruhamfaratryggingu. Engin munur er því á tryggingum íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis og því óásættanlegt að atvinnuhúsnæði sé tekið út fyrir sviga í lögum um uppkaup fasteigna í Grindavík.

Við höfum mikinn áhuga á að hefja gistirekstur með svipuðu sniði á nýjum stað þar til bærinn opnar aftur, það getum við ekki nema til uppkaupa á atvinnuhúsnæðis komi.

Undirrituð óska þess að lagafrumvarpið um tímabundinn rekstrarstuðning verði endurskoðað og unnin verði að langtímaúræði fyrir þau fyrirtæki sem ekki geta starfað í Grindavík um fyrirsjáanlega framtíð.

Virðingarfyllt

f.h. Gistihús Grindavík ehf

Dagmar Valsdóttir

Hjalti Jón Pálsson